

Íbúafundur um málefni HB Granda á Breiðinni 28. maí í Tónbergi kl. 20:00

Fundarstjóri: Björg Ágústsdóttir ráðgjafi hjá Alta

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri opnaði fundinn með því að bjóða fundargesti velkomna og kynnti markmið fundarins sem voru að kynna bæjarbúum milliliðalaust hugmyndir HB Granda og framtíðaruppbyggingu þeirra á Akranesi og einnig að bæjaryfirvöld fái að heyra sjónarmið bæjarbúa.

Einar Brandsson formaður skipulags- og umhverfisráðs: Skipulag á Breiðinni.

Einar kynnti umsókn HB Granda um deiliskipulagsbreytingu en í skipulagslögum nr. 123 frá 2010 ber sveitastjórn að kynna fyrir bæjarbúum slíkar breytingar. Ósk HB Granda um deiliskipulagsbreytingu felur í sér þrjár megin breytingar frá núverandi deiliskipulagi:

1. Bárugata 8-10 og Suðurgata 7-9. Áform eru um að byggja þar kæli eða móttökuhús þar sem áður var Axelsbúð og verða þá breytingar á þeim lóðum.
2. Áform eru um að byggja hæð ofan á þann hluta Suðurgötu 7-9 sem er í dag á einni hæð
3. Breiðargata 8d og Beiðargata 10 – Áform eru um að sameina starfsemi Laugafisks og stækka húsnæði þannig að öll starfsemi sé undir einu þaki.

Einar greindi frá því að bæði aðilar í skipulags- og umhverfisráði og bæjarstjórn gerðu sér grein fyrir því að ósk HB Granda um deiliskipulagsbreytingu yrði umdeildur. Til þess að taka ákvörðun hefur verið reynt að afla sem flestra gagna og meðal annars fengið VSÓ til þess að vinna greinargerð um lyktarmengun. Einar greindi einnig frá hvernig ferlið hefur verið hingað til frá því að frumdrög voru kynnt þann 29. janúar s.l. og til dagsins í dag (28. maí 2015). Eftir íbúafundinn verður unnið úr athugasemdum og í framhaldi af því tekur Skipulags- og umhverfisráð ákvörðun um hvort samþykkja eigi deiliskipulagsbreytinguna. Ef breytingin er samþykkt af Skipulags- og umhverfisráði þá er málinu vísað til bæjarstjórnar til samþykktar, ef bæjarstjórn samþykkir er skipulagsbreytingin auglýst og einstaklingum gefið kostur á að koma með athugasemdir í að minnsta kosti 6 vikur. Eftir þann tíma verður farið yfir þær athugasemdir sem berast og þá liggur fyrir að bera málið upp til samþykktar, fyrst í Skipulags- og umhverfisráði og síðan í bæjarstjórn.

Einar greindi einnig lítillega frá hugmyndum HB Granda um landfyllingu við höfnina og sagði frá því að þrjár tillögur um hvernig hún eigi að vera hafi verið gerðar. Að lokum bauð hann bæjarbúum að hafa samband við sig ef það hefði einhverjar athugasemdir.

Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda: Hugmyndir fyrirtækisins að uppbyggingu á Akranesi og stækkun Laugafisks

Vilhjálmur byrjaði á því að kynna HB Granda og framtíðaráform fyrirtækisins, þar sem hann talaði meðal annars um að fyrirtækið væri einn stærsti framleiðandi matvæla á Íslandi, breytingar á skipaflota og hve mörg störf HB Grandi skapar. Vilhjálmur greindi einnig frá aukinni áherslu fyrirtækisins á verðmætaköpun og hvernig uppbygging hefur gengið á Vopnafirði og í Reykjavík.

Vilhjálmur sagði frá tveim nýjum skipum sem HB Grandi eru að kaupa og að þau væru töluvert stærri en skipin sem væru í notkun nú þegar. Með tilkomu þessara nýju skipa verður hafnarsvæðið ansi þröngt til athafna. Framtíðarhugmynd HB Granda er því að að hafa sem mestu vinnsluna á sama svæðinu til þess að minnka flutninga og annað.

Varðandi fiskþurrkunina þá vilja þeir hjá HB Granda hafa allt þurrkferlið á sama staðnum. HB Grandi vill fjárfesta í að bæta aðstæður og með betri aðstöðu og nýrri tækjum á lyktin að minnka til muna. Samkvæmt teikningum á fullbyggðri verksmiðju verður bætt við því sem vantar í dag og þá sérstaklega þurrkjöfnun og á það að draga úr lyktarmengun. Í nýju sérhönnuðu húsnæði verða auknir möguleikar til þess að meðhöndla lyktina með hreinsibúnaði. Þar verður einnig til staðar ný eftirþurrkun þar sem betur verður hægt að stýra þurrkferlinu og þar af leiðandi minnkar lyktin. Það ófullkomna húsnæði sem er til staðar fyrir eftirþurrkunina í dag er einn helsti valdurinn á lyktarmenguninni og því mikilvægt að fá nýtt sérhannað húsnæði og að allt þurrkferlið verði á sama staðnum svo ekki þurfa að flytja hálfunna afurð milli húsa.

Guðjón Jónsson frá VSÓ: Greinargerð um áhrif fyrirhugaðrar stækkunar með tilliti til lyktarmengunar

Guðjón kynnti niðurstöður úr samantekt um lykt og lyktarmengun, en byrjaði erindið þó á því að skilgreina lykt og hvernig lykt tengdist hinum ýmsu atburðum.

Hann greindi frá þeirra verkefni sem snéri að því að leggja mat á mengunarvarnir sem ætlunin er að nota í stækkaðri verksmiðju á Akranesi og að meta hvort verið sé að nota bestu fánlegu tækni/aðferðir sem þekktar eru í dag. Hann sagði mikilvægt að skoða lyktaruppsprettu og þar talaði hann um nokkra þætti sem hafa áhrif á lykt en þeir eru: hráefni, búnaður, úrgangur, frárennsli, afurðin og útblásturinn. Hann talaði einnig um þrjár aðferðir við lofthreinsun og fleiri atriði sem hafa áhrif á lykt líkt og vinnslustýring, umhverfisstjórnun, skráning og fleira.

Guðjón greindi ítarlega frá áætlun HB Granda um nýja aðstöðu í fiskþurrkun og lagði til viðbótartillögur frá VSÓ sem snúa að því að tryggja hreinsun á öllu aflofti og að innleiða umhverfisstjórnun.

Guðjón sýndi á mynd samanburð á núverandi ástandi og framtíðarástandi þar sem hann skýrði að allir þættir ættu að vera í góðu lagi ef farið væri eftir aðgerðum HB Granda og viðbótartillögum VSÓ nema frárennslismál þar sem erfitt er að segja til

um þau því að fráveitan frá húsinu verður að vera í lagi og er það mál bæjarstjórnar og HB Granda.

Guðjón kynnti einnig lyktarskynmat sem Akraneskaupstaður setti af stað 24. febrúar og stendur enn yfir og var það mat framkvæmt á sex stöðum, metið var bæði styrkleika lyktar og skynjun hennar. Hann taldi þetta vera eina bestu leiðina til þess að meta lykt. Niðurstöður sýna að það megi gera betur og ástandið í dag er þannig að það veldur töluverðri lykt. Hann sagði einnig frá því að lyktin væri mismikil eftir því hvaða vindátt er og að lyktin væri verst í SV og SA átt en ríkjandi vindátt á Akranesi var á þessum tíma SA átt.

Hann sagði að það væri enginn vafi á því að lykt muni minnka frá fiskþurrkun HB Granda ef að áform þeirra ná fram að ganga. Hins vegar sagði hann að aldrei væri hægt að reisa slíka vinnslu sem er algjörlega lyktarlaus.

Hörður Helgason frá samtökunum Betri byggð: Sjónarmið íbúa

Hörður byrjaði erindi sitt á því að afhenda Regínu bæjarstjóra undirskriftarlista frá 330 manns og skora á bæjarstjórn að standa með íbúum bæjarins hvað þetta mál varðar.

Hann sagði frá áhugahóp íbúa um betri byggð sem kom saman í einum tilgangi, þ.e. að losna við lyktina. Hann talaði einnig um áhrif lyktarmengunar á lífsgæði á Akranesi þar sem hann sagði frá því að meðal annars væri erfiðara að selja eignir sem staðsettar eru á neðri Skaga en eignir sem staðsettar eru annars staðar á Akranesi.

Hörður talaði um hugmyndir um framtíð Akraness og þá meðal annars um uppbyggingu á neðri Skaga og í miðbænum sem verða ekki að veruleika að hans mati með tilkomu fiskþurrkunarinnar.

Hörður greindi lítillega frá sögu Laugafisks sem missti starfsleyfið í Njarðvík vegna lyktmengunar árið 2002 og kom til Akraness árið 2003 og að íbúar hafi verið óánægðir frá upphafi. Hann taldi að heilbrigðiseftirlit og bæjarstjórn hafi ekki staðið nógu þétt við bak íbúa og vísaði í rýmkun reglna um starfsleyfi árið 2008.

Hörður fór yfir niðurstöður skýrsluna sem var gerð af VSÓ og greindi frá megin niðurstöðum skýrslunnar og að sama með hvaða tækni væri notuð þá væri aldrei hægt að koma alveg í fyrir lykt frá starfseminni. Honum fannst einnig oft á tíðum orðalagið í skýrslunni of opið. Hann ásamt hópnum hafa komið með tillögu að nýrri staðsetningu fyrir verksmiðjuna að Höfðaseli þar sem verksmiðjan væri þá langt frá allri byggð og hefði lyktin því minni áhrif á íbúa.

Hann talaði einnig um að Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefði ekki verið að standa sig gagnvart íbúum og nefnir hann máli sínu til stuðnings að móttaka og úrvinnsla kvartana hafi ekki verið nægilega góð.

Að mati hópsins Betri byggð á fiskþurrkun ekki heima inni í íbúabyggð og vilja meðlimir hópsins skora á HB Granda til þess að finna aðra staðsetningu fyrir

fiskþurrkun í samráði við bæjaryfirvöld. Að lokum lagði hann fram spurningar til VSÓ, HB Granda, bæjarstjórnar og Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

Svör VSÓ og HB Granda við spurningum Betri byggðar

VSÓ:

1. Nú hefur VSÓ gert margar skýrslur um lyktarmengun á síðustu árum, ríkir einhversstaðar á Íslandi sátt um fiskþurrkun?
 - a. Þetta hefur ekki verið skoðað sérstaklega hefur þó verið kannað hjá fyrirtækjum þar sem hreinsibúnaður hefur verið settur upp. Íslendingar eru fremstir í lyktarhreinsun í svona iðnaði, þróunin er hröðust hér á landi. Guðjón sagði einnig að friður væri um vinnsluna á Sauðárkróki, en hún er jafnframt nýjasta vinnslan.
2. Í skýrslunni er talað um að ólyktin muni minnka, hvernig fékk VSÓ þessa niðurstöðu?
 - a. Guðjón segir þetta vera einfalt þar sem aðstæður sem eru við eftirþurrkun í dag eru óásættanlegar og ef húsnæði verður lagað og lokað af þá minnkar lyktin. Þó verður að skoða heildina og margir þættir sem hafa áhrif og samspil milli þeirra.
3. Hvenær er vond lykt ásættanleg?
 - a. Guðjón sagði að svarið við því felist í skynjun hvers og eins
4. Liggur fyrir hvaða búnaður verði notaður hjá HB Granda í nýju húsnæði?
 - a. Notast verður við búnað sem hefur reynst hvað best og það verður að bæta við viðbótarbúnaði.
5. Hvers vegna eru ekki tölur um fjölda kvartana á árunum 2003-2011 í skýrslu ykkar? (bls. 15)
 - a. Það var ekki hugsunin að skilja neitt eftir frekar að skoða hvað kæmi útúr þeim kvörtunum frá síðustu árum.

HB Grandi:

1. Hafa aðrar staðsetningar fyrir fiskþurrkunina verið skoðaðar eða ræddar sem eru fjær íbúabyggð?
 - a. Stjórnendur HB Granda hafa lítið hugleitt þetta og hafa ekki skoðað neitt plan B ef tillagan verður ekki samþykkt. Þá þurfa þeir að leggja yfir staðsetningar og skoða aðgang að heitu vatni. Þeir vilja reka starfsemi hér bæði vegna hagræðingar og vegna þess að starfsfólkið hér er frábært með góða verkþekkingu
2. Hvaðan kemur hráefnið í dag?
 - a. Hráefnið kemur nánast eingöngu frá HB Granda og eru afköstin þannig að þau hafa þurft að selja í aðrar þurrkanir.
3. Hversu mikil vinnsla var í fiskþurrkuninni á síðustu tveimur árum að meðaltali?
 - a. 7000 tonn á ári það var aðallega notast við þorskin sem er unnin á Akranesi en einnig ufsahausa sem koma frá Reykjavík.

Fyrirspurnir og umræður

Ruth Jörgensen Rauterberg lagði fram fyrirspurn hvaða önnur umhverfisáhrif (fyrir utan lyktarmengun) yrðu af þessum breytingum með tilliti til sjónmengunar og áhrif á sögumuni og aðra náttúrumuni

- Vilhjálmur svaraði þessari fyrirspurn og sagði að þetta væri atriði sem þeir hefðu í huga og hefði gengið vel t.d. á Vopnafirði og í Reykjavík.

Ingólfur Árnason beindi fyrirspurn til Guðjóns um hvort sérstaklega væri verið að greina lykt frá hausapurrkuninni sjálfri eða frá bræðslunni og fjörunni líka

- Guðjón svaraði: Nei það var ekki skilið á milli þessarar lyktar, gæti blandast saman við aðra lykt en líkurnar á því tiltölulega litlar

Gerður hafði einnig fyrirspurn til Guðjóns og spurði hvort það væri ekki kvartað um lykt frá fiskverkunum annars staðar en á Akranesi?

- Guðjón svaraði: Jú það koma fram kvartanir á þeim stöðum þar sem fiskþurrkun er til staðar

Axel hafði fyrirspurn til Guðjóns og spurði hversu margir tóku þátt í lyktarmælingunni?

- Guðjón svaraði og sagði að einn maður hefði tekið þátt í lyktarmælingunni. Guðjón sagði að það gæfi góða mynd að mæla lykt á þann hátt og með því að mæla efnin í loftinu með tæknibúnaði fengist ekki betri niðurstaða en með eins manns mælingu.

Guðmundur Sveinbjörnsson spurði hvort mælingar hefðu verið gerðar á ósoni og hversu miklu af efninu væri hleypt út í andrúmsloftið, en samkvæmt skilgreiningu er efnið hættulegt.

- Guðjón svaraði því að óson væri eiturefni og það væri hættulegt í of miklu magni. Hann sagði einnig að efnið væri mjög hvarfgjarnt og að líkurnar á óson leki úr verksmiðjum séu mjög litlar og því litlar líkur á að það berist í andrúmsloftið.

Guðrún Sigurbjörnsdóttir vildi beina orðum sínum til Heilbrigðiseftirlits og benti á að það þyrfti gera endurbætur á því. Hún sagði að eftirlitið hefði ekki staðið sig gagnvart hennar fyrirtæki (Fótaaðgerðarstofu Guðrúnar) þar sem hún hafi einungis fengið reikninga frá því en aldrei fulltrúa til þess í heimsókn.

Magnús Guðmundsson hafði spurningu til Vilhjálms og spurði hvort að HB Grandi væri með stefnu um samfélagslega ábyrgð?

- Vilhjálmur svaraði að það væri verið að vinna í því að móta stefnu um samfélagslega ábyrgð og að fyrirtækið hafi haldið marga fundi með starfsmönnum til þess að skiptast á skoðunum um hvað samfélagsleg ábyrgð væri og vonaðist hann til þess að stefna um samfélagslega ábyrgð yrði fullmótuð í byrjun næsta árs.

Valdís Eyjólfsdóttir, bæjarfulltrúi. Talaði um spurningu Betri byggðar um hvort búið sé að taka ákvörðum um þetta mál þótt ferlið væri ekki búið, sagði hún alveg ljóst að svo væri ekki.

Hilmar Sigvaldason spurði hvort hefði verið athugað hver áhrif uppfyllingar hefði á Langasandinn?

Kjartan Þorsteinsson beindi fyrirspurn sinni til Guðjóns og spurði hvort lyktarmengun myndi aukast í takt við aukna framleiðslu?

- Guðjón svaraði að það sé fyrst og fremst aðstaðan og ferskleiki hráefnis sem hefur áhrif, en ekki magn, þannig að með aukinni framleiðslu fylgir ekki endilega meiri lykt

Svandís Vilmundardóttir bað um meiri upplýsingar um landfyllinguna. Hún nefndi að búið væri að sýna tvær teikningar og að komið hafi fram að það væri búið að samþykkja landfyllingu og því spurði hún hvað væri búið að samþykkja og hvað verður landfyllingin mikil? Fer Skarfavörin undir þessa landfyllingu?

- Einar svaraði þessari fyrirspurn og sýndi mynd af gildandi aðalskipulagi Akraneskaupstaðar. Í dag er búið að varpa upp þremur teikningum sem allar sýna minni landfyllingu en núverandi skipulag gerir ráð fyrir og nú er verið að reyna að finna aðrar lausnir. Þetta sé í ferli og þarf að skoða hvaða leið á að fara. Hópur sem tekur allt deiliskipulagið á Breiðinni er að fara yfir það.

Guðmundur Sigurbjörnsson spurði hvers vegna þetta aðalskipulag hefði verið sett 2006

- Einar svaraði að hann sjálfur hefði ekki verið í bæjarstjórn á þeim tíma en ef hann mundi rétt var það vegna áforma frá HB Granda að færa alla starfsemi á Akranes.
- Vilhjálmur svaraði einnig þessari fyrirspurn og sagði að það hafi ekki verið vegna áforma HB Granda sem aðalskipulagið hafi verið samþykkt. HB Grandi hafi byggt á þessu skipulagi þegar tillögur þeirra um landfyllingu voru gerðar.

Guðmundur Páll Jónsson vildi staðfesta orð Vilhjálms um aðalskipulagið. Þetta var ákveðið að frumkvæði bæjarfulltrúa sem vildu skapa metnaðarfulla framtíðarsýn varðandi hafnamál, sem og orkumál.

Rut Jörgensdóttir Rauterberg fannst vera tvístefna hvað þetta mál varðar. Sagðist ekki skilja að annars vegar væri verið að byggja upp ferðaþjónustu, byggja upp flottan miðbæ og fleira og hins vegar væri verið að efla stóriðnað á sama svæði og við byggjum á útivistarperlur.

Halldór Jónsson sagði frá því að hann hafi verið búsettur á Ísafirði þar sem á stuttum tíma byggðist upp mikil ferðaþjónusta í kringum skemmtiferðaskip sem komu inn í miðbæ Ísafjarðar á hverju sumri þar sem voru starfræktar ýmsar verksmiðjur og iðnfyrirtæki. Hann spurði hvort til væru rannsóknir sem sýna fram á að atvinnustarfsemi í nálægð við miðbæ sveitarfélaga fæli í burt ferðamenn.

- Guðjón svaraði þessu með dæmi um Slippinn í Reykjavík og nefndi í því samhengi að ferðamenn hefðu mjög gaman af því að skoða Slippinn þar.

Halldór Jónsson spurði einnig hvort ástæða væri að ætla að verri lykt kæmi frá fiskþurrkun en hefðbundinni fiskvinnslu.

Þriðja spurning *Halldórs* snéri að kælingu hráefna. Hann spurði hvaða áhrif framfarir í kælingu bæði á uppsjávarskipum og ferskfiskiskipum hefði á lyktarmengun frá fiskþurrkun

- Guðjón svaraði þessari fyrirspurn og sagði að því ferskara sem hráefni því minni lykt er af því.

Sturlaugur Sturlaugsson byrjaði á því að þakka fyrir fundinn og var ánægður með metnaðinn sem lagður er í þetta mál sem og metnað HB Granda í uppbyggingu fyrirtækisins. Hann vildi benda á að það eigi að gefa fyrirtækjum svigrúm til þess að þróa nýja vöru og til þess að reyna að losna við lykt. Hann sagðist hafa trú á því vel sé hægt að bæta stöðuna hér í bæ. Honum fannst vanta umræðu um tilfinningar starfsfólks Laugafisks og spyr hvort hafi verið gerð könnun á líðan starfsmanna Laugafisks. Hann gagnrýndi einnig erindi Harðar og sagði að ekki væri hægt að segja að það sem var í fortíðinni verði í framtíðinni, að það sé einfaldlega ekki sanngjarnt.

Guðmundur Sigurbjörnsson hafði fyrirspurn um lyktarmælinguna. Hann talaði um í forþurrkuninni væri hringrásarkerfi þar sem kerfið er lokað í ákveðinn tíma þar til ákveðnum raka er náð og loftinu svo hleypt út. Hann spurði því hvort hefði verið mælt þegar loftið var inni eða úti?

- Guðjón svaraði þessari fyrirspurn og sagði að mælingin hafi alltaf verið gerð á sama tíma dagsins og ekki hafi verið miðað að því að mæla þegar mengunin var sem mest eða minnst. Bætti því einnig við að vindátt hefði alltaf verið skráð niður við hverja mælingu.

Valgarður Jónsson bæjarfulltrúi vildi svara spurningu frá Herði Helgasyni. Það var spurningin um hvort búið væri að taka ákvörðun um erindi HB Granda um fiskþurrkun. Hann sagði það alveg á hreinu að ekki væri búið að taka ákvörðun og sagði það væri meðal annars ástæðan fyrir þessum fundi. Tók svo undir með Einari og bað bæjarbúa að hafa samband ef þeir hefðu fyrirspurnir eða athugasemdir.

Hörður Helgason svaraði fyrirspurn *Halldórs* um ferðamenn og atvinnustarfsemi. Hann sagði að ferðamenn vilji að sjálfsögðu sjá atvinnufyrirtæki. Hörður svaraði einnig *Sturlaugi* og sagði að hann væri lýsa ástandinu eins og það hefur verið síðustu 12 ár og hvernig það verði næstu mánuði, hann sagði jafnframt að til þess að læra og geta bætt sig þurfi að skoða söguna.

- Vilhjálmur vildi benda á að þeir hjá HB Granda eru vanir að láta hendur standa fram úr ermum og reyna að gera allt eins fljótt og hægt er.

Guðrún Sigurbjörnsdóttir spurði Vilhjálm að því hversu mikill ferskur úrgangur kemur frá Reykjavík til Akraness.

- Vilhjálmur svaraði að það væri mjög misjafnt, allt frá 20 tonnum upp í 30-40 tonnum á dag. Hann sagði að þetta hráefni væri eins ferskt og hægt væri þar sem þetta er unnið samdægurs, oft er miðað við ferska vöru þangað til hún nær 10-12 daga aldri.

Ingólfur Árnason vildi benda á að fiskhausar og fiskhryggir væru ekki úrgangur heldur verðmætt hráefni. Hann beindi síðan orðum sínum til Harðar og taldi það vera skrýtið að tengja saman sölu á húsnæði á neðri Skaganum og hausþurrkun, því Íbúðalánasjóður ætti þessar íbúðir og vildi ekki selja þær.

Sigríður Indriðadóttir forseti bæjarstjórnar: Samantekt fundarins

Sigríður byrjaði á því að þakka öllum fundargestum fyrir komuna og málefnalegar umræður. Hún nefndi að fundurinn hafi fyrst og fremst verið hugsaður til þess að leyfa bæjarbúum að koma skoðunum sínum á framfæri og að mikilvægt væri fyrir bæjarfulltrúa að heyra sjónarmið íbúa þegar að ákvörðunartöku kemur. Hún sagði að bæjarfulltrúar hefðu því fyrst og fremst verið að hlusta á fundinum. Hún sagði málefni fundarins vera stórt og mikið hagsmunamál og því mikilvægt að skoða það frá öllum hliðum. Að lokum þakkaði hún öllum þeim sem fluttu erindi á fundinum, fundarstjóranum og bæjarbúum fyrir sín innlegg á fundinum og sleit fundinum.